

**LUNDUR** rekstrarfélag ses.  
**Heimavist MA og VMA**



---

Eyrarlandsvegur 28, 600 Akureyri

Sími 455-1600, fax 455-1601

[www.heimavist.is](http://www.heimavist.is)

KT 630107 – 0160

**Skýrsla fyrir skólaárið 2010-2011**

## **Almennt**

Lundur rekur nemendagarða fyrir báða framhaldsskólana á Akureyri; annars vegar í nýbyggingu Lundar og hins vegar í eldri byggingu sem áður hýsti heimavist MA. Byggingarnar eru tengdar saman með björtu og rúmgóðu anddyri.

Lundur er sjálfseignarstofnun sem rekur nemendagarðana á grundvelli þjónustusamnings við menntamálaráðuneytið frá desember 2001. Samningurinn kveður á um að Lundur tryggi íbúum nemendagarðanna frambærilegt húsnaði til búsetu, öruggar og heimilislegar aðstæður ásamt eftirliti með íbúunum auk viðunandi þvottaþjónustu og fullnægjandi mötuneytisaðstöðu. Með samningi við mötuneyti MA fól Lundur mötuneyti MA að reka mötuneyti og þvottahús á nemendagörðunum samkvæmt þjónustusamningi Lundar við menntamálaráðuneytið.

Á nemendagörðum Lundar er rými fyrir 333 íbúa og er þá miðað við að tvímennt sé í öll herbergi nýbyggingarinnar og í nokkur (þrjú) stærri herbergi á gömlu vistinni, en hefðbundnu herbergin á gömlu vistinni eru nýtt sem eins manns herbergi á veturna.

Þar sem fyrrum húsakynni heimavistar MA voru tekin til notkunar fyrir hina nýju nemendagarða koma 215 rými í hlut Menntaskólans og 118 rými í hlut Verkmenntaskólans.

## **Aðsókn**

Líkt og undanfarin ár var aðsókn að nemendagörðunum umfram getu skólaárið 2010 til 2011 en vinnuregla skólanna við inntöku nemenda á garðana er að yngri nemendur hafi forgang. Þá hefur stjórn Lundar og skólameisturum þótt eðlilegt að vanda valið við inntöku nemenda og forðast ónýtt rými á gördunum. Því er sú krafa gerð gagnvart íbúum sem nýta sér búseturétt hjá Lundi, að þeir skuldbindi sig til að búa á gördunum yfir skólaárið meðan þeir halda eðlilegri námsfamvindu. Nemendum sem hætta námi eða falla frá námi er þó unnt að segja upp húsaleigusamningi með stuttum fyrirvara.

Góð nýting nemendagarðanna er eðlileg krafa þegar umsóknir um búsetu á gördunum eru töluvert umfram herbergjaframboð. Góð nýting er einnig mikilvæg fjárhagsleg forsenda garðanna og þar munar um hvert prósentustig.

## **Fjöldi íbúa**

Á Heimavist MA og VMA voru við upphaf skóla haustið 2010 alls 326 nemendur eða 169 nemendur MA og 157 nemendur VMA.

Kynjahlutfallið skiptist þannig milli skólana: Hjá íbúum VMA voru alls 43% stúlkur og 57% piltar. Hjá MA voru 63% stúlkur á móti 37% pilta. Kynjahlutfall allra íbúa hefur verið nokkuð svipað undanfarin ár en horfa þarf til ársins 2008 þegar piltar voru í meirihluta íbúa á heimavistinni.

Ef skoðuð er tafla yfir aldursdreifingu íbúa við upphaf skóla haustið 2010 voru 73% allra nemenda ólögráða við upphaf skóla og rúmlega þriðjungur á 16. aldursári. Hlutfallið skiptist svipað milli skólana eða 76% nemenda MA voru ólögráða meðan að 69% nemenda VMA voru ólögráða.

**Aldursdreifing íbúa við upphaf skóla haustið 2010**

	<b>Aldursdreifing allra íbúa</b>	<b>Aldursdreifing MA íbúa</b>	<b>Aldursdreifing VMA íbúa</b>
Íbúar fæddir árið 1995	2%	3%	0%
Íbúar fæddir árið 1994	36%	38%	33%
Íbúar fæddir árið 1993	35%	35%	36%
Íbúar fæddir árið 1992	16%	15%	20%
Íbúar fæddir árið 1991	9%	8%	9%
Íbúar fæddir árið 1990	2%	1%	2%
	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Á hverju skólaári dvelja systkini á heimavistinni sem fá sérstakan systkinaafslátt af húsaleigunni. Skólaárið 2010 til 2011 bjuggu 39 systkini á görðunum og er það nokkur fækkun frá fyrra skólaári þegar 53 systkini bjuggu á görðunum.

### Lögheimili nemanda

Íbúar nemandagarðanna sækja heimavistina víða að af landinu eins og eftirfarandi tafla sýnir en taflan birtir flokkun íbúa eftir lögheimilisskráningum í september 2010:

**Skipting íbúa eftir skólum og lögheimili í upphafi skólaárs**

	<b>VMA íbúar</b>	<b>MA íbúar</b>	<b>Allir íbúar</b>
Suðvesturland og Suðurland	7%	12%	10%
Vesturland	2%	4%	3%
Vestfirðir	6%	4%	5%
Norðvesturland	27%	21%	24%
Eyjafjörður (þ.m.t. Siglufjörður)	21%	24%	22%
Norðausturland utan Eyjafjarðar	27%	23%	25%
Austurland	10%	10%	10%
Erlendis	0%	2%	1%
	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Eins sjá má þá voru flestir nemendur sem sækja heimavistina frá Norðurlandi (Norðvesturland, Eyjafirði og Norðausturlandi utan Eyjafjarðar). Flestir MA íbúar komu frá Eyjafirði en flestir VMA íbúar komu frá Norðvesturlandi.

### **Heimili íbúanna**

Nemendagarðar Lundar eiga að vera tryggt og öruggt heimili íbúanna og Lundur kappkostar að svo sé enda mikilvægt fyrir foreldra/forráðamenn nemenda að haft sé eftirlit með hegðan og líðan íbúanna. Í reglum heimavistar er m.a. tekið tillit til að meirihluti íbúa er að jafnaði undir lögdri. Rauði þráðurinn í reglum heimavistar er að íbúar skuli temja sér góða umgengni á gördunum og umhirðu herbergja sinna, virða næðistíma á næturna og að öll meðferð áfengis og fíkniefna sé stranglega bönnuð og varði brottrekstur.

Reglum og eftirliti með hegðan og líðan íbúanna var skólaárið 2010-2011 líkt og undanfarin ár fylgt eftir með uppbyggilegum ábendingum og afskiptum eftir þörfum.

Húsbóndi líkt og aðrir starfsmenn fylgdust með líðan og hegðan íbúanna og tiltekt og umgengni á herbergjum var skoðuð reglulega.

Hjúkrunarfræðingur hafði líkt og fyrri skólaár reglulega viðtalstíma á gördunum, veitti íbúum aðstoð og liðsinnti um frekari heilbrigðisþjónustu ef á þurfti að halda.

### **Hagsmunamál íbúa**

Íbúar kjósa sér hagsmunaráð heimavistarinnar, öðru nafni heimavistarráð. Heimavistarráð starfaðaði með húsbónda heimavistarinnar og vann að framgangi sameiginlegra hagsmunamála íbúanna. Heimavistarráð skipulagði einnig félagsstarf og vann að undirbúningi félagslegra atburða á gördunum. Á skólaárinu 2010-2011 stóð heimavistarráð fyrir árlegu jólahlaðborði, þorrablóti og tveimur kvöldvökum. Þá stóð heimavistarráð fyrir því að keyptur var flatskjár á setustofuna sem og flakkari til afnota fyrir íbúa á vistinni.

### **Agamál**

Alvarlegustu brot á agareglum nemendagarðanna varða notkun vímuefna. Einn mikilvægasti liður í starfi húsbónda var framkvæmd herbergjainnlita sem liður í mikilvægari forvörn gegn neyslu og meðferð vímuefna á gördunum. Þá er eftirlit starfsmanna með hegðan íbúa á sameiginlegum vistarverum einnig mikilvæg forvörn gegn vímuefnum á gördunum.

Í samstarfi við skólameistara hefur Lundur mótað skýrar vinnureglur um meðferð og afleiðingar áfengisagabrota. Viðurlögin við áfengisagabrotum fara eftir eðli brotanna en drykkja íbúa á gördunum er brottrekstrarsök. Þá hafa einnig verið mótaðar vinnureglur um meðferð og afleiðingar fíkniefnaagabrota og hefur áhersla verið lögð á samstarf við foreldra og forráðamenn þegar slík mál koma upp.

Samkvæmt reynslu er mesta hættan á áfengisagabrotum á vorönn þegar dag tekur að lengja. Skólaárið 2010 til 2011 var einum íbúa vikið af vist vegna áfengisagabrots og þremur vegna neyslu annarra fíkniefna.

### **Skipulags- og rekstrarmál.**

Hjá Lundi störfuðu skólaárið 2010-2011 alls 8 starfsmenn; 2 öryggisverðir á næturvakt, húsbóndi við störf seinni part dags og fram á kvöld, 2 starfsmenn á dagvöktum sem sinntu öryggisgæslu og þrifum, framkvæmdastjóri og tveir starfsmenn sem sáu um öryggisvörslu og þrif um helgar.